

SKÓLANÁMSKRÁ  
BARNASKÓLA HJALLASTEFNUNNAR Í HAFNARFIRÐI  
2023-2024

9 ÁRA KJARNAR - NÁMSSVIÐ OG NÁMSGREINAR



## Efnisyfirlit

Skólastarf á 9 ára kjörnum .....	3
Íslenska 9 - ára kjarni.....	4
Stærðfræði - 9 ára kjarni .....	12
List og verkgreinar - 9 ára kjarni.....	20
Náttúrugreinar, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt - 9 ára kjarni.....	28
Enska - 9 ára kjarni.....	38
Íþróttir, sund og jóga - 9 ára kjarni.....	41

## Skólastarf á 9 ára kjörnum

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu á 9 ára kjörnum. *Aðalnámskrá grunnskóla* skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði tilheyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. bekk í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegum markmiðum í skólastarfinu sem öllum séu ljós.

Hlutverk þessa kafla námskrárinnar er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi 9 ára kjarna svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi og uppeldi barna sinna. Um leið kynna kennarar þau faglegu sjónarmið sem skólastarfið byggir á og sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu. Unnið er samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Í þessum kafla námskrárinnar er að finna þau viðmið sem lögð eru til grundvallar á mati á námshæfni barna í lok skólaárs.

Í almennum hluta skólanámskrár Barnaskóla Hjallastefnunnar er menntastefna skólanna kynnt og helstu atriði sem skólarnir leggja áherslu á í framkvæmd skólastarfsins. Jafnframt er að finna útskýringar á helstu stoðum og þeirri hugmyndafræði sem skólastarfið í Barnaskólum Hjallastefnunnar stendur fyrir og inntaki námskrárinnar í heild.

**Íslenska 9 - ára kjarni**  
**Grunnþættir menntunar og meginreglur Hjallastefnunnar**

Læsi	Meginregla 1 - Börn og foreldrar	Heilbrigði og velferð	Meginregla 2 - Starfsfólk
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur tjáð sig um viðfangsefni sitt með efnislegum orðaforða.</li> <li>- æfir sig í að nota hugtök sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni.</li> <li>- kynnist stafrænum leiðum til fjölþættrar merkingarsköpunar, t.d. með notkun myndmáls.</li> <li>- getur lesið sér til gagns og gleði.</li> <li>- getur lesið fjölbreyttan texta.</li> <li>- vinnur á fjölbreyttan hátt með læsi, s.s. menningarlæsi, umhverfislæsi og upplýsingalæsi.</li> <li>- skapar eigin merkingu og bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem það les.</li> <li>- þjálfast í lesskilningi, eykur orðaforða og eflir myndlæsi og hlustun.</li> </ul>	<p>Börnin eru jafn ólík og þau eru mörg og er þörfum þeirra mætt í skóladeginum með valfrelsi og ólíka nálgun. Reynt er eftir mætti að höfða til áhugasviðs og styrkleika barnsins með vali á lesefni og útfærslu verkefna, sem eru fjölbreytileg þannig að hlúð sé að barninu á forsendum þess.</p> <p>Tryggja á vellíðan og ánægju barnsins með því að styðja við jákvæða tilfinningalega skynjun þess og fara allar skynleiðir í námi.</p> <p>Forðast ber að gera sömu kröfur til allra barna.</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfast í raddbeitingu við tal, lestur og söng.</li> <li>- getur tjáð hugsanir, skoðanir og tilfinningar sínar.</li> <li>- þjálfast í góðri líkamsbeitingu við lestur og vinnu.</li> <li>- tileinkar sér rétt grip í skrift.</li> </ul>	<p>Hugur, hjarta og hönd eru jafn mikilvæg í þroskaferli barns. Því þarf að hlúa að jafnvægi milli hreyfingar, hugsunar og tilfinningalífs barnsins í skóladeginum. Nálægð og traust gefur barninu kjark til að opna hug sinn og hjarta í skólastarfinu. Hreyfing veitir því gleði og jákvæðni. Barnið er heilbrigt og móttækilegt fyrir námi, en jákvæðni og gleði vekur og viðheldur áhuga og árangri hvers barns.</p>

Jafnrétti	Meginregla 3 - Umhverfi	Sköpun	Meginregla 4 - Efniviður
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær tækifæri til að rækta hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum.</li> <li>- virðir jafnan rétt einstaklinga.</li> <li>- fær tækifæri til að vera í styrkleikum sínum.</li> <li>- æfist í að rýna í margskonar texta án fordóma.</li> <li>- sýnir umburðarlyndi í samskiptum og samvinnu.</li> </ul>	<p>Námsumhverfi barnsins verður að styðja við barnið í þroska og námi.</p> <p>Barnið þarf að upplifa að það sé jafn réttþátt og önnur börn og að rödd þess heyrist til jafns við raddir annarra barna.</p> <p>Aðgengi barns að æfingu þarf að vera skýrt, beinskeytt, umbúðalaust og einfalt.</p> <p>Kennarinn hefur einlæga löngun til að mæta hverju barni og einblína á styrkleika þess.</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- vinnur verkefni á skapandi hátt.</li> <li>- nýtir ímyndunaraflíð til að leika sér með ýmsa möguleika tungumálsins.</li> <li>- tjáir skoðanir sínar og tilfinningar á fjölbreyttan hátt.</li> <li>- vinnur í samþættum verkefnum sem höfða til styrkleika barnsins.</li> <li>- fær að vera í sköpunarkraftinum sínum.</li> </ul>	<p>Með opnum efniviði er þægilegt að fara ólíkar skynleiðir í námi. Hann ýtir líka undir lausnamiðun hjá barninu og þjálfar það í bjarga sér sjálft. Það styður barnið til sjálfstæðis.</p> <p>Raunveruleikatengd verkefni og hlutverkaleikir efla orðaforða og tjáningu barnsins.</p> <p>Gagnvirkt efni á netinu getur verið góð leið og opnar nýja möguleika.</p> <p>Mistök mega og eiga að vera hluti af námi, því mistök eru eðlilegur þáttur í skapandi ferli og hugsun.</p>
Sjálfbærni	Meginregla 5 - Náttúra	Lýðræði og mannréttindi	Meginregla 6 - Samfélag
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær fjölbreytt námsefni, sem höfðar til allra greindarsviða barnsins.</li> <li>- æfist í að færa rök fyrir máli sínu og kynna fyrir barnahópnum, kennurum og starfsfólki.</li> <li>- beitir gagnrýninni hugsun og æfir sig í meðlíðan og að setja sig í spor annarra.</li> </ul>	<p>Nýtni, nægjusemi og hófsemi er höfð að leiðarljósi í umgengni við náttúruna, sem og efnivið og áhöld.</p> <p>Útikennsla ýtir undir fjölbreyttar námsleiðir og er tilvalin til að skapa jákvætt og ábyrgt viðhorf gagnvart náttúrunni. Einnig styrkir hún félagslega innviði hópsins með vináttuæfingum og nálægð, sem og einstaklingseiginleika eins</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- nýtir þekkingu sína á tungumálinu til að tjá sig.</li> <li>- æfir sig í gagnrýninni hugsun á íslenskrri tungu.</li> <li>- tekur virkan og lýðræðislegan þátt í samræðum.</li> <li>- velur sér viðfangsefni út frá áhugasviði og styrkleika.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær reglulega tækifæri til að taka þátt í að móta áætlun fyrir starf í hópatímum.</li> <li>- er hvatt til að tjá sig um líðan sína í skólanum og um skólustarfið.</li> <li>- er hvatt til að færa rök fyrir máli sínu og standa með sjálfu sér.</li> <li>- æfir sig í umburðarlyndi,</li> </ul>

- tileinkar sér fallega hegðun og framkomu í samskiptum.	og kjark, kraft, virkni og frumkvæði.	- tekur þátt í kosningum. - æfir sig í að koma hugsunum sínum skýrt frá sér.	hjálpsemi og víðsýni.
--	---------------------------------------	---	-----------------------

## Íslenska - 9 ára kjarni

Hæfniviðmið Við lok 9 ára kjarna	Leiðir og námsaðlögun námsfyrirkomulag	Kynjanámskrá námsfyrirkomulag	Námsgögn og viðfangsefni	Námsmat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>				
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur endursagt úr efni sem hlustað hefur verið á.</li> <li>- getur flutt þulur og kvæði.</li> <li>- getur tekið þátt í samræðum og rökræðum.</li> <li>- getur tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir öðrum.</li> <li>- beitir skýrum og áheyrilegum framburði.</li> <li>- getur sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig í að tjá sig frammi fyrir hópnum s.s. í fréttatíma þar sem það segir frá eigin reynslu.</li> <li>- æfir sig í að búa til og segja/leika sögur eða samtöl fyrir framan hópinn.</li> <li>- æfir sig í að hlusta á sögur og frásagnir annarra barna í hópnum og spyrja efnislegra spurninga.</li> <li>- æfir sig í að hlusta á upplestur kennara og flutning á ýmiss konar</li> </ul>	<p>Barnið æfir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sig að sitja á agaðan hátt við hlustum á frásagnir annarra [L1].</li> <li>- öryggi í framkomu og frásögn [L2].</li> <li>- sig í að lýsa sjálfu sér og öðrum, sbr veikleikar, styrkleikar og hrósyrði [L3].</li> <li>- sig í að vera hreinskiptið í samræðum og rökræðum [L4].</li> <li>- sig í að hrósa og þiggja hrós [L5].</li> </ul>	<p>Sögugerðabók</p> <p>Margs konar textar s.s. sögur, lagatextar, ljóð og fræðitextar</p> <p>Hljóðfælar, rafbækur o.fl.</p> <p>Smáhlutir fyrir spuna í sögugerð</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat sjálfstæði og samskipti - kynjanámskrá í Mentor</p>

<ul style="list-style-type: none"> <li>- getur hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð, söngva og greint frá upplifun sinni.</li> <li>-getur sagt frá daglegu lífi sínu og upplifunum</li> <li>- hefur þjálfast í að lesa sögur og ljóð upphátt með mismunandi blæbrigðum</li> </ul>	<p>fjölbreyttu efni.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lærir þulur og kvæði og flytur fyrir hópinn.</li> <li>- syngur í hópi og lærir texta.</li> <li>- fer í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær tækifæri til að taka virkan þátt og hafa frumkvæði að túlkun texta með leikrænni tjáningu [L6].</li> </ul>		
<b>Lestur og bókmenntir</b>				
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur valið sér lesefni við hæfi og lesið sér til ánægju</li> <li>- getur nýtt þekkingu sína og reynslu til að skilja innihald texta</li> <li>- les að lágmarki 80 orð á mínútu.</li> <li>- þekkir hugtökin höfundur, titill, efnisyfirlit og kafli.</li> <li>- hefur aukið leshraða sinn og les skýrt og áheyrilega</li> <li>- þekkir hugtökin persóna, söguþráður, söguvið, umhverfi og boðskapur.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- les bækur er hæfa og styrkja lestrargetu, efla hugmyndaflug, auka orðaforða og vikka reynsluheim þess.</li> <li>- les texta, ályktar og svarar efnislegum spurningum.</li> <li>- vinnur margskonar lesskilningsverkefni.</li> <li>- les upphátt heima, daglega í u.þ.b. 20-30 mínútur.</li> <li>- æfir gagnvirkan lestur.</li> <li>- þjálfast í upplestri og hlustun.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sjálfsaga í lestri [L1].</li> <li>- fær tækifæri til lesturs og hlustunar á fjölbreyttan texta til eflingar orðaforða og æfir öryggi í tjáningu nýrra orða [L2].</li> <li>- þjálfast í hjálpssemi og leiðsögn í gegnum paralestur [L3].</li> <li>- vinnur með merkingu jákvæðra orða og nýtir þau í ritunarverkefni til að lýsa sjálfu sér, öðrum og umhverfinu [L4].</li> <li>- fær tækifæri til að setja sig í spor persóna úr skáldsögum,</li> </ul>	<p>Lestrarbækur við hæfi hvers og eins</p> <p>Fræðibækur, ljóðabækur og margvísleg uppflettirit</p> <p>Gagnvirkt efni á nams.is <a href="https://vefir.mms.is/smabo">https://vefir.mms.is/smabo</a> kaskapur/</p> <p>Orðabækur</p> <p>Dagblöð</p>	<p>Lesfimi í september, janúar og maí</p> <p>Lesskilningspróf (Orðarún) í janúar og maí</p> <p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat agi og jákvæðni</p> <p>- kynjanámskrá í Mentor</p>

<ul style="list-style-type: none"> <li>- hefur kynnst algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.</li> <li>- getur aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.</li> <li>- getur lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, s.s. einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.</li> <li>- hefur aukið leshraða sinn</li> <li>- hefur aukið lesskilning sinn.</li> <li>- þekkir mismunandi frásagnarform s.s. skáldsögur, teiknimyndasögur og ljóð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir paralestur.</li> <li>- þjálfast í hljóðlestri.</li> <li>- þjálfast í leitarlestri.</li> <li>- þjálfast í að setja textabrot við myndir.</li> <li>- vinnur með fréttir úr dagblöðum og aflar upplýsinga.</li> </ul>	<p>teiknimyndasögum og/eða ljóðum sem fjalla um vináttu [L5].</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig í að sýna frumkvæði og virkni í gagnaöflun á margvíslegan máta [L6].</li> </ul>		
<b>Skrift og ritun</b>				
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- hefur þjálfast í að draga rétt til stafs, skrifar skýrt og læsilega og getur látið stafi sitja rétt á línu.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig í að draga rétt til stafs í skriftarbók eftir forskrift.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig í reglusemi og nákvæmni við ritun, stafsetningu og</li> </ul>	<p>Skriftarbækur til að æfa skrift</p> <p>Námsbækur með auðum blaðsíðum til að skrifa og myndskreyta sögur og</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat agi og áræðni - kynjanámskrá í Mentor.</p>



<ul style="list-style-type: none"> <li>- getur samið sögu með upphafi, miðju og enda.</li> <li>- getur skrifað eigin texta, s.s. stuttar sögur, endurminningar, frásagnir og ljóð.</li> <li>- notar kommu í upptalningu.</li> <li>- hefur bil milli orða, notar há- og lágstafi og rétt greinarmerki í lok málsgreinar.</li> <li>- sýnir vönduð vinnubrögð og frágang</li> <li>- getur skráð hugsanir sínar, þrár og reynslu.</li> <li>- getur skrifað texta upp eftir fyrirmynd.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir í að semja sögur frá eigin brjósti með og án aðstoðar með grunnþáttum í uppbyggingu texta.</li> <li>- æfir sig í að skrifa frásagnir í ólíkum stíl, s.s. fréttastíl, endurminningarstíl o.s.frv..</li> <li>- æfir í að semja ljóð með einfaldri bragfræði.</li> <li>- hugar að stafsetningu.</li> <li>- þjálfar leikni í tölvuvinnslu.</li> </ul>	<p>greinarmerkjasetningu [L1].</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfar kjark og sjálfstraust með því að skrá hugsanir sínar, þrár og reynslu [L2].</li> <li>- æfir sig í hjálpsemi og samstöðu með því að skrifa saman sögur í þörum eða hóp [L3].</li> <li>- æfir sig í að skoða hugsanir sínar, þrár og reynslu á jákvæðan og uppbyggjandi hátt [L4].</li> <li>- tileinkar sér hugtökin félagsskapur, kærleikur, umhyggja og nálægð og nýtir einhver þeirra í sögugerð [L5].</li> <li>- æfir virkni og kjark í sögu- og ljóðagerð og við upplestur frumsamans ljóðs [L6].</li> </ul>	<p>endursagnir, drauma og endurminningar</p> <p>Tölvur til að æfa ritvinnslu</p> <p>Skriffæri og litir</p> <p>Samvinnusögugerð</p>	
<b>Málfræði</b>				
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur raðað orðum í stafrófsröð eftir fyrsta og öðrum bókstaf.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir málfræðiverkefni í stöðvum.</li> <li>- gerir hlutbundnar</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-æfir sjálfsaga í verkefnavinnu [L1].</li> <li>- þjálfar sjálfsöryggi og</li> </ul>	<p>Námsbækur til að skrifa verkefni í</p> <p>Ýmis hjálpargögn til að vinna hlutbundið</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Endurtekin stöðupróf</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p>

<ul style="list-style-type: none"> <li>- getur búið til málsgreinar og greint málsgreinar í eigin texta.</li> <li>- þekkir einkenni samnafna og sérnafna.</li> <li>- þekkir nafnhátt sagnorða, sem og nútíð og þátíð.</li> <li>- þekkir nafnháttarmerkið að.</li> <li>- þekkir helstu einkenni lýsingarorða og kann að stigbreyta.</li> <li>- hefur kynnst fallbeygingu og þjálfast í að fallbeygja orð</li> <li>- þekkir og getur nýtt -ng/-nk regluna.</li> <li>- getur fundið samheiti og andheiti orða.</li> <li>- getur stafsett orð með einföldum og tvöföldum samhljóða.</li> <li>- þekkir helstu einkenni sagnorða.</li> <li>- getur fundið eintölu og fleirtölu orða.</li> <li>- getur greint í sundur og sett saman samsett orð.</li> </ul>	<p>æfingar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær tækifæri til að vinna með málfræðiforrit.</li> <li>- æfist í að flokkanafnorð í kvk, kk og hvk, setja þau í eintölu og fleirtölu og bæta greini við nafnorð í gegnum fjölbreytt verkefni.</li> <li>- æfist í að greina mun á samnöfnum og sérnöfnum og getur m.a. bent á þau í eigin texta.</li> <li>-þjálfast í að fallbeygja orð.</li> <li>- eflir orðaforða sinn, m.a. í gegnum orðatiltæki og málshætti.</li> <li>- æfir réttiritun eftir upplestri.</li> <li>- æfist í að tileinka sér og nota einfaldar stafsetningarreglur í ritun.</li> <li>-fer í námsleiki og spil í litlum hópum.</li> </ul>	<p>sjálfstraust í ritun með aukinni málfræðikunnáttu. [L2].</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær tækifæri til að þjálf samstöðu í félagsskap vina og vinkvenna gegnum leiki og spil [L3].</li> <li>- tileinkar sér ákveðin og örugg vinnubrögð [L4].</li> <li>- vinnur með skilgreiningar á vináttunni og samskiptum [L5].</li> <li>- tileinkar sér kraft og virkni í vinnubrögðum [L6].</li> </ul>	<p>Tölvur og spil</p>	<p>Námsmat vinátta og sjálfstæðii - kynjanámskrá í Mentor</p>
---	--	---	-----------------------	---

<ul style="list-style-type: none"> <li>- þekkir muninn á sérhljóða og samhljóða.</li> <li>- þekkri helstu einkenni nafnorða, s.s. kyn, tölu og greini.</li> <li>- þekkir og getur notað regluna um n/nn.</li> <li>- getur bætt greini við nafnorð með hjálparorðunum minn, mín og mitt.</li> <li>- getur sett nafnorð í eintölu og fleirtölu.</li> <li>- getur flokkað nafnorð í kvk., kk. og hk.</li> <li>- getur fundið nútíð og þátíð sagnorða.</li> </ul>				
---	--	--	--	--

**Stærðfræði - 9 ára kjarni**  
**Grunnþættir menntunar og meginreglur Hjallastefnunnar**

Læsi	Meginregla 1 - Börn og foreldrar	Heilbrigði og velferð	Meginregla 2 - Starfsfólk
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær þjálfun í talnalæsi og hugtakalæsi.</li> <li>- fær þjálfun í að lesa stærðfræðileg ták.</li> <li>- fær þjálfun í að lesa fyrirmæli í stærðfræðiverkefnum, eykur orðaforða og eflir myndlæsi og hlustun.</li> <li>- æfist í að yfirfæra þekkingu sína á stærðfræði á umhverfið og daglegt líf.</li> <li>- æfist í að nota upplýsingalæsi og stafrænt læsi.</li> <li>- er stærðfræðilæst; það les úr stærðfræðitáknum, vinnur með hugtakaskilning og breytir úr ritmáli í táknmál stærðfræðinnar og öfugt.</li> </ul>	<p>Mikilvægt er að skapa öruggar og góðar aðstæður með skýrum ramma til að barnið tengi við námsefnið og blómstri.</p> <p>Einnig skal nota spennandi efnivið sem vekur áhuga og einföld námsgögn sem styðja við tengingu barnsins við námsefnið.</p> <p>Tryggja þarf vellíðan og ánægju hvers barns með því að styðja við jákvæða tilfinningalega skynjun barnsins í öllum þáttum.</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær hvatningu til að nýta sér stærðfræði í þáttum sem snúa að mataræði, matseld, hreyfingu, hvíld o.fl..</li> <li>- fær verkefni við hæfi.</li> <li>- hefur jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar og trú á eigin getu.</li> <li>- fær hjálpargögn við hæfi, t.d. Numicon skólasett, kubba o.fl.</li> </ul>	<p>Barnið iðkar jákvæðni og þjálfar þannig viðhorf sín og leggur grunn að vellíðan. Í góðri líðan er barnið andlega til staðar og tilbúið til að læra. Ástundun jákvæðni er ein af meginreglum Hjallastefnunnar, sem eru markmið okkar og leið í senn.</p>
Jafnrétti	Meginregla 3 - Umhverfi	Sköpun	Meginregla 4 - Efniviður
<p>Barnið:</p>	<p>Gert er ráð fyrir ólíkum</p>	<p>Barnið:</p>	<p>Einfaldleikinn styður við</p>

<ul style="list-style-type: none"> <li>- ber virðingu fyrir hugmyndum og framlagi annarra.</li> <li>- virðir jafnrétti í margbreytileikanum.</li> <li>- fær athygli og hvatningu og það finnur að það eru gerðar heilbrigðar væntingar til þess, sem barnið lifir upp í.</li> </ul>	<p>athafnakostum á hverjum kjarna, til þess að barnið geti valið sér líkamsstillingu við námið sem hentar því og styður við það. Eins geta einstaklingar og litlir vinnuhópar þarfnast ólíkra vinnuaðstæðna. Mörgum hentar vel að vinna á mottu á gólfinu meðan önnur börn kjósa að sitja við borð eða krjúpa við gluggann í einbeitingarvinnu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- fær verkefni sem sett eru fram á skapandi og listrænan hátt.</li> <li>- hlutbundin nálgun í hávegum höfð til að ýta undir skapandi hugsun.</li> <li>- leitar svara, tengir, rannsakar og veltir vöngum.</li> <li>- nýtir umhverfið til sköpunar.</li> <li>- fær hvatningu til að hugsa út fyrir rammann til að finna nýjar leiðir.</li> <li>- upplifir fegurð og undur stærðfræðinnar.</li> </ul>	<p>meginmarkmið þessarar meginreglu þar sem bæði börn og fullorðnir vinna lausnamiðað og leysa málin á fjölbreyttan hátt.</p> <p>Gott er að vinna hlutbundið með grunn efnviði í stærðfræði eins og Numicon skólasetti, vasareiknum, gagnvirku efni á tölvum og hverju öðru sem kennari velur að nýta til að auðga og dýpka talnaskilning og stærðfræðinám barnsins.</p>
<p><b>Sjálfbærni</b></p>	<p><b>Meginregla 5 - Náttúra</b></p>	<p><b>Lýðræði og mannréttindi</b></p>	<p><b>Meginregla 6 - Samfélag</b></p>
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- vinnur með talna- og aðgerðarskilning þannig að skilningur þess á magni og reikniaðgerðunum eflist.</li> <li>- tileinkar sér fallega hegðun og framkomu í samskiptum.</li> <li>- notar ýmiss konar efnviði úr nærumhverfinu við lausn verkefna.</li> <li>- æfir sjálfstæð vinnubrögð.</li> </ul>	<p>Úti í náttúrunni skynjar barnið heiminn undir beru lofti án mann-/kvengerðra takmarkana. Himinhvolfið setur engin mörk og ef sjóndeildarhringurinn er líka víður, mótast hugurinn á sama hátt til víðsýnis og áhuga á því sem fjarlæggt er.</p> <p>Hjallastefnukennari reynir eftir fremsta megni að samþætta námsefni þannig að hluti hópatímans fari fram úti.</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær örvun í að velta stærðfræðinni fyrir sér á gagnrýninn hátt.</li> <li>- temur sér tillitsemi við önnur börn með rósemd og vinnufriði.</li> <li>- tekur tillit til skoðana og aðferða annarra.</li> <li>- tileinkar sér lýðræðislegan hugsunarhátt í samvinnu við önnur börn.</li> </ul>	<p>Við byggjum upp ramma í einföldu umhverfi með skýrum reglum sem eru ræddar og breytt ef á þarf að halda, til að börn og fullorðnir séu sáttir og einhuga um að fylgja þeim. Þessi jákvæði agi er ramminn og í reynd forsenda lýðræðis á allan hátt.</p>

## Stærðfræði - 9 ára kjarni

Hæfniviðmið Við lok 9 ára kjarna	Leiðir og námsaðlögun námsfyrirkomulag	Kynjanámskrá námsfyrirkomulag	Námsgögn og viðfangsefni	Námsmat
<b>Tölur og reikningur</b>				
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur lesið, skrifað og raðað tölustöfum upp í 10.000.</li> <li>- þekkir jákvæðar og neikvæðar tölur á talnalínu</li> <li>- þekkir sætisgildin eining, tugur, hundrað, þúsund og tugþúsund.</li> <li>- getur námundað að tug, hundraði og þúsundi.</li> <li>- getur lagt saman fjögurra og fimm stafa tölur</li> <li>- getur geymt tug, hundrað og þúsund í samlagningu</li> <li>- getur fundið mismun fjögurra og fimm stafa talna</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig í að skrá fjölda og reikna með náttúrulegum tölum, taka þátt í að þróa lausnaleyðir við útreikninga og skrá svör sín með tugakerfisrithætti.</li> <li>- fær tækifæri til að taka þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.</li> <li>- leysir viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.</li> <li>- æfir sig að vinna með hlutbundin gögn. t.a.m.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir vísindalega hugsun þar sem röð og regla gildir [L1].</li> <li>- þjálfar sjálfstraust og öryggi með því að greina frá niðurstöðu sinni í dæmayfirferð [L2].</li> <li>- þjálfar samvinnu og samstöðu í gegnum þrautalausnir í hóp [L3].</li> <li>- fær tækifæri til að þjálfja jákvæða afstöðu til stærðfræði í gegnum leiki. [L4].</li> <li>- fær tækifæri til að þjálfja samstöðu í félagsskap vina og vinkvenna gegnum leiki og spil [L5].</li> <li>- þjálfar virkni og frumkvæði með</li> </ul>	<p>Numicon: kubbaplata, kubbar, form, talnalína, talnalínubraut 1-100 og bakkasett</p> <p>Tilfinningapoki og tölustafaspil</p> <p>Rúðustrikaðar bækur 2cm x 2cm</p> <p>Peningar skólasett</p> <p>Uppsetning búðar – þar sem vörur eru verðmerktar, hlutverkum úthlutað ásamt peningum og búið starfrækt</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat agi og jákvæðni - kynjanámskrá í Mentor</p>

<ul style="list-style-type: none"> <li>- getur tekið til láns tug, hundrað og þúsund í frádrætti</li> <li>- kann 0-10x töflurnar.</li> <li>- getur leyst margföldunardæmi.</li> <li>- getur margfaldað saman tvær tveggja stafa tölur.</li> <li>- getur deilt tölum á bilinu 0-100 og tveggja og þriggja stafa tölum.</li> <li>- getur leyst orðadæmi og þrautir.</li> <li>- þekkir hugtökin heill, helmingur, þriðjungur og fjórðungur</li> <li>- þekkir almenn brot</li> <li>- getur fundið summu og mismun almennra brota.</li> <li>- getur notað vasareikni.</li> <li>- getur unnið með merkin <math>&lt; = &gt;</math>.</li> <li>- þekkir teljara og nefnara.</li> <li>- þekkir íslenska mynt og seðla, getur fundið út summu og mismun þegar unnið er með mynt</li> </ul>	<p>Numicon talnalínubraut. smáhluti og bakkasett.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- kynnist hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.</li> <li>- æfir sig í að setja upp dæmi á snyrtilegan og nákvæman hátt í bók.</li> <li>- æfir sig í að margföldun er endurtekin samlagning.</li> <li>- æfir skilning á að deiling er skipting og einnig endurtekinn frádráttur.</li> <li>- þjálfast í að leysa margföldunar dæmi með Numicon talnalínubraut, kubbum og skráningu.</li> <li>- fer í námsleiki og spil í litlum hópum.</li> </ul>	<p>uppsetningu á fjölbreyttum orðadæmum [L6].</p>		
---	---	---	--	--

<ul style="list-style-type: none"> <li>- getur reiknað samlagningar- og frádráttardæmi á talnalínu.</li> <li>- áttar sig á samhengi samlagningar og margföldunar.</li> <li>- áttar sig á samhengi frádráttar og deilingar.</li> <li>- þekkir aðgerðatáknin +, -, · og ×, ÷ og /.</li> <li>- þekkir jafnarðarmerkið =.</li> <li>- þekkir hugtökin summa, mismunur, margfeldi og kvóti.</li> <li>- getur leyst deilingardæmi með afgangi.</li> <li>- getur nýtt sé hugarreikning.</li> </ul>				
<b>Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi</b>				
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur mælt og fundið út flatarmál og ummál.</li> <li>- getur notað gráðuboga til að finna stærð horns</li> <li>- þekkir rétt, hvast og gleitt</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig í óformlegum rannsóknum á tví- og þríviðum formum, að teikna skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-æfir sig í að skrifa eina tölu í hverja rúðu í reikningsbók sína [L1].</li> <li>- vinnur tölfræðilegar rannsóknir á sjálfstæðan hátt [L2].</li> </ul>	<p>Vasareiknar Reglustikur Gráðubogar Málbönd Tölvur</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor Námsmat sjálfstæði og samskipti - kynjanámskrá</p>



<p>horn</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- hefur þjálfast í að reikna hornasummu ferhyrnings og þríhyrnings.</li> <li>- þekkir muninn á jafnhliða og jafnarma þríhyrningum.</li> <li>- þekkir samsíðung og hugtakið samsíða línur.</li> <li>- getur mælt hitastig og þekkir mælieininguna °C.</li> <li>- kann á klukku, bæði skífuúr og tölvuúr, og</li> <li>- getur reiknað klukkudæmi með klst. og mín.</li> <li>- þekkir þrívíðu formin keila, kúla, sívalningur og ferstrendingur.</li> <li>- getur unnið með hnitakerfi.</li> <li>- þekkir x og y ás í hnitakerfi.</li> <li>- hefur kynnst hugtökunum punktur, hlið, horn og flötur.</li> <li>- þekkir mælieiningarnar mm, cm, dm, m, dam, hm, km, dl, l, g og kg.</li> <li>- þekkir höfuðáttirnar, N,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfast í að nota mælitæki eins og reglustiku, gráðuboga, málband o.fl. til mælinga.</li> <li>- fær hlutbundin, gagnvirk og útprentuð verkefni til að þjálfast í mælingum.</li> <li>- æfir sig á klukku og hitamæli með hlutbundnum hætti.</li> <li>- æfir sig í að áætla og mæla ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og nota viðeigandi mælikvarða.</li> <li>- þjálfast í að bera saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlka niðurstöður sínar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfast í samvinnu við rannsóknir, birtingu og útfærslu á niðurstöðum [L3].</li> <li>- fær tækifæri til að þjálfast jákvæða afstöðu til stærðfræði í gegnum leiki [L4].</li> <li>- æfir samvinnu og nálægð í félagsskap við mælingar [L5].</li> <li>- æfir seiglu í verkefnavinnu og við úrlausn dæma [L6].</li> </ul>	<p>Vogir Klukkan Sjóorusta</p>	<p>í Mentor</p>
--	---	--	--	-----------------

<p>S, V, A og getur lesið út úr einföldum kortum.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur mælt þyngd, lengd og rúmmál og sett rétta mælieiningu aftan við.</li> <li>- getur talið, flokkað og skráð ýmsar upplýsingar í töflur.</li> <li>- getur lesið upplýsingar úr töflum.</li> <li>- getur búið til og lesið af súluritum og línuritum.</li> </ul>				
<p><b>Algebra og mynstur</b></p>				
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur haldið áfram með mynstur.</li> <li>- getur hliðrað og snúið myndum.</li> <li>- hefur kynnst notkun bókstafa fyrir tölustafi.</li> <li>- þekkir hugtakið speglunarás</li> <li>- getur speglað mynd um speglunarás.</li> <li>- getur haldið áfram með talnarunur.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfist í að spegla og hliðra flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.</li> <li>- þjálfast í að kanna, búa til og tjá sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spá fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.</li> <li>- fær þjálfun í formteikningu.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfar öguð vinnubrögð þegar það vinnur með óþekkta stærð [L1].</li> <li>- þjálfast í öryggi, kjarki og tjáningu í speglunar- og mynstursleikjum [L2].</li> <li>- æfir umburðarlyndi í leikjum þar sem það vinnur með talnarunur með vinkonum/vinum [L3].</li> <li>- æfir jákvætt viðhorf til stærðfræði [L4].</li> </ul>	<p>Numicon skólasett 1: kubbaplata, kubbar, talnalína, talnalínubraut, bakkasett o.fl.</p> <p>Marmarakúlur</p> <p>Legókubbar</p> <p>Kapla kubbar</p> <p>Náttúrulegur efniviður s.s. könglar, skeljar o.fl.</p> <p>Rúðustrikaðar bækur 2cm x 2cm</p> <p>Pappír/formteiknibók og kubballitir</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat áræðni og vinátta - kynjanámskrá í Mentor</p>

<p>- getur reiknað dæmi með óþekktri stærð.</p>	<p>- æfir sig að finna lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstyðja lausnir sínar, t.d. með því að nota ápreifanlega hluti.</p> <p>-leikur sér með talnamynstur, munnlega, í paravinnu, skriflega og með hlutbundnum efnivið, m.a. Numicon talnalínu, talnalínubraut, marmarakúlum o.fl.</p>	<p>- æfir nálægð og umhyggju og í speglunarleikjum með vinum og vinkonum [L5].</p> <p>- æfir frumkvæði vitsmunalega og verklega í gegnum talnamynstur [L6].</p>		
---	---	---	--	--

## List og verkgreinar - 9 ára kjarni

### Grunnþættir menntunar og meginreglur Hjallastefnunnar

Námssgreinarnar sjónlist, tónlist, textílmennt, heimilisfræði, hönnun og smíði eru sambættar. Námssviðin eru kennd í lotum jafnt og þétt yfir skólaárið. Verkefnavinnan er þá gjarnan sambætt úr tveimur eða fleirum námssviðum sem kennd eru í lotu í tvær vikur í senn. Á yngsta stigi rúmast hæfniviðmiðin á þessum sviðum oft mjög vel saman. Lotuvinnan gefur einnig aukið tækifæri til að nálgast viðfangsefni á djúpan og frumlegan hátt.

Læsi	Meginregla 1 - Börn og foreldrar	Heilbrigði og velferð	Meginregla 2 - Starfsfólk
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- kynnist fjölbreyttum miðlum og myndmáli.</li><li>- kynnist fjölbreyttum hljóðfærum og tónheimum.</li><li>- kynnist fjölbreyttri menningu og menningarverðmætum.</li><li>- kynnist grunnhugtökum listgreina.</li><li>- æfist í að fara gætilega með verkfæri og nýtir sér einfaldar leiðbeiningar.</li><li>- hlustar sig inn í umhverfið og rýmið.</li></ul>	<p>Skólanum er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir þess, valfrelsi og áhuga og hlúa á viðfeðman hátt að velgengni þess. Til þess að það megi verða þarf að vera öruggt að barnið fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum með því að rækta hæfileika sína og styrkleika. Það er því mikilvægt að öll börn fái tækifæri til að vera í sköpunarmætti sínum í sínu námi, því þar fer fram mikil og græðandi sjálfsvinna og sjálfsskoðun.</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- æfist í að umgangast efni, áhöld, verkfæri og hljóðfæri af varkárni og virðingu.</li><li>- æfist í að beita líkamanum rétt.</li><li>- tekur þátt í umræðu og samvinnu.</li><li>- tekur sjálfstæðar ákvarðanir.</li><li>- sýnir umburðarlyndi og hefur jákvæð viðhorf í samvinnu,</li></ul>	<p>Allt starfsfólk skal æfa sínar bestur hliðar í samskiptum við börn og fjölskyldur þeirra. Brothættar og óvarðar sálir ungra barna verðskulda ekkert nema hið besta og á jákvæðni að grundvalla öll samskipti Hjallstefnukennara við börnin.</p>
<b>Jafnrétti</b>	<b>Meginregla 3 - Umhverfi</b>	<b>Sköpun</b>	<b>Meginregla 4 - Efniviður</b>

<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- kynnist list og tónlist frá mismunandi menningarheimum.</li> <li>- kynnist list án landamæra.</li> <li>- kynnist ádeilulist í baráttu fyrir mannréttindum.</li> <li>- fær örvun í víðsýni, umburðarlyndi og gagnrýninni hugsun í gegnum skapandi vinnu.</li> </ul>	<p>Með kjörnuðu og skýru umhverfi myndast jafnvægi í starfsumhverfi barnsins sem gerir það viðráðanlegt og skiljanlegt. Þannig mætum við öllum börnum. Sjónrænn hávaði má ekki vera til staðar þannig að börnin geti náð að hvíla í sjálfum sér og sköpunarkrafti sínum.</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær hvatningu til að nýta sér fjölbreyttan efnivið í listsköpun sinni.</li> <li>- fær hvatningu til að nýta sér ólík hljóðfæri og hljóðheim í tónlistarsköpun sinni.</li> <li>- nýtir sér eigin kunnáttu í sköpun sinni.</li> <li>- er forvitnið og óhrætt við að fara nýjar leiðir í tónlistarsköpun og myndsköpun sinni.</li> <li>- er sveigjanlegt í samspili með öðrum börnum.</li> <li>- er sveigjanlegt í samvinnu með öðrum börnum.</li> <li>- er hvatt til að sýna frumkvæði.</li> </ul>	<p>Efniviður er valinn út frá sköpun, en til viðbótar er leitað eftir náttúrulegum efniviði eftir föngum. Það er mikilvægt að börn handfjatli fremur tré en plast og snerti fremur léreft og striga heldur en gerviefni. Meðhöndlun á opnum efniviði (sem er ekki með fyrirfram innbyggðum lausnum) heldur huga barna vakandi og hvetur þau til nýjunga og frumkvöðlahugsunar.</p> <p>Klisjur í skólastarfi hafa sömu neikvæðu afleiðingarnar og klisjur hvar sem er; þær búa til og viðhalda hefðbundnum hugarrömmum. Kennari verður að vera á varðbergi, því að gömul hugmynd, framkvæmd aftur og aftur án tilbreytingar, umhugsunar og fjölbreytni, verður auðveldlega að klisju.</p>
<p><b>Sjálfbærni</b></p>	<p><b>Meginregla 5 - Náttúra</b></p>	<p><b>Lýðræði og mannréttindi</b></p>	<p><b>Meginregla 6 - Samfélag</b></p>
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur skapað úr endurnýjanlegum efniviði.</li> <li>- kynnist afleiðingum af eigin vistspori og hnattrænum áhrifum þess.</li> </ul>	<p>Námsferli í náttúrunni sjálfri er mikilvægt lögmál sem börn eiga að fá tækifæri til að tengja sig við og þar sem náttúrulegar afleiðingar lærast, s.s. ógnarafl náttúrunnar sem ber að virða, líf og dauði, gætni og yfirvegun og</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- er örvað í að tjá skoðanir sínar og tilfinningar í listsköpun sinni.</li> <li>- æfist í virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum.</li> <li>- tekur virkan þátt í samræðum</li> </ul>	<p>Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan hátt, en um leið ákveðinn og hreinskiptinn. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji, leiðin til öryggis og frelsis fyrir öll börn, í rósemnd og friði innan skólasamfélagsins og síðar</p>

<p>- er hvatt til að nýta sér umhverfið til sköpunar.</p> <p>- æfist í nýtni og nægjusemi.</p>	<p>umhirða.</p>	<p>um ferli handverksvinnu, listsköpunar og tónsköpunar.</p> <p>- tekur virkan og uppbyggilegan þátt í gagnrýni á eigin verkum og annarra barna.</p> <p>- æfist í umburðarlyndi og víðsýni í gegnum verk annarra með ólíka lífshætti, siði og skoðanir.</p> <p>- kynnist samstöðu og víðsýni í gegnum samspil og samvinnu.</p>	<p>til ábyrgðar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.</p>
--	-----------------	--	--

### Sjónlistir - 9 ára kjarni

<b>Hæfniviðmið</b> Við lok 9 ára kjarna	<b>Leiðir og námsaðlögun</b> námsfyrirkomulag	<b>Kynjanámskrá</b> námsfyrirkomulag	<b>Námsgögn og viðfangsefni</b>	<b>Námsmat</b>
<p><b>Barnið:</b></p> <p>- getur nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur, sem byggja á færni í meðferð lita og formfræði og myndbyggingar.</p> <p>- getur skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.</p>	<p><b>Barnið:</b></p> <p>- fylgir innri rödd og lærir að tjá sig án orða.</p> <p>- þjálfar litablöndun.</p> <p>- skapar eigin myndverk með virkjun í myndaraflsins.</p> <p>- tekur þátt í umræðum</p>	<p><b>Barnið:</b></p> <p>- æfir aga í umgengni við verkfæri, pappír og efni sem og frágang [L1].</p> <p>- vinnur sjálfstætt og æfir sig í jákvæðri tjáningu um sjálft sig og önnur börn [L2].</p> <p>- æfir sig í að vinna að myndverki í para-/hópavinnu og</p>	<p>Vaxlitir</p> <p>Vatnslitir</p> <p>Blek</p> <p>Þurrpastel</p> <p>Olíupastel</p> <p>Pappír af ýmsum toga</p> <p>Leir</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Þátttaka í myndlistasýningum</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat agi,</p>

<ul style="list-style-type: none"> <li>- getur tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.</li> <li>- getur unnið út frá hugmynd, listakonu/-manni eða kveikju við eigin listsköpun.</li> <li>- getur þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni</li> <li>- getur þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins.</li> <li>- getur útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.</li> <li>- getur greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða.</li> <li>- getur fjallað um eigin verk og annarra.</li> <li>- skilur mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.</li> </ul>	<p>um myndlist.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær tækifæri til að þenja eigin mörk og getu í skapandi ferli.</li> <li>- þróar hæfni í teikningu, málun, klippiaðferðum og mótun.</li> <li>- þjálfast í að nota mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.</li> </ul>	<p>æfir samstöðu og umburðarlyndi [L3].</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir skýr skilaboð og jákvæða orðræðu þegar það setur öðrum mörk í samvinnu [L4].</li> <li>- sýnir einlægni, umhyggju og nærgætni í vinnu með öðrum börnum, t.d. í gerð vinkonu-/vinamynda [L5].</li> <li>- æfir kjark í að tjá tilfinningar sínar í myndverki [L6].</li> </ul>	<p>Skæri Lím Tímarit fyrir úrklippur</p>	<p>sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vinátta og áræðni - kynjanámskrá í Mentor</p>
---	--	--	--	---

## Tónlist - 9 ára kjarni

Hæfniviðmið Við lok 9 ára kjarna	Leiðir og námsaðlögun námsfyrirkomulag	Kynjanámskrá námsfyrirkomulag	Námsgögn og viðfangsefni	Námsmat
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur þekkt ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og hlustun.</li> <li>- getur leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri.</li> <li>- getur tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt.</li> <li>- hlustar á fjölbreytta tónlist af ólíkri menningu.</li> <li>- getur tjáð sig um viðfangsefni sitt og lagt matt á eigin verk.</li> <li>- hefur kynnst einföldu hrynmynstri og áherslum í gegnum söng og hreyfingu.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- syngur daglega með hópnum sínum.</li> <li>- syngur reglulega á tónfundum.</li> <li>- æfir dagskrá laga og spilar á skólahljóðfæri.</li> <li>- flytur tónlistardagskrá með söng og hljóðfæraleik fyrir foreldra og aðstandendur.</li> <li>- spinnur í bílskúrsbandi.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfar hegðun og framkomu [L1].</li> <li>- æfir framsögn og sjálfsöryggi í gegnum söngtexta, samsöng og framkomu [L2].</li> <li>- fær tækifæri til að kynnst fjölmenningu og ólíkum þjóðernum í gegnum hlustun á fjölbreyttri tónlist [L3].</li> <li>- æfir gleðisöngva [L4].</li> <li>- tileinkar sér umhyggju og kærleik með því að syngja fyrir leikskólabörn, ellilífeyrisþega og á foreldramorgnum [L5].</li> <li>- æfir kjark og kraft í samsöng, á tónfundum og á tónleikum [L6].</li> </ul>	<p>Orff-hljóðfæri</p> <p>Ýmis ásláttarhljóðfæri</p> <p>Hljóðfæri f/bílskúrsband</p> <p>Hljóðkerfi</p> <p>Tölva</p> <p>Söngtextar</p> <p>Hljóðfælar með ólíkri tónlist, þ.á.m. heimstónlist, sígildri tónlist, íslenski tónlist o.fl.</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Þátttaka í tónlistarviðburðum</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat agi, sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vinátta og áræðni - kynjanámskrá í Mentor</p>



- getur rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.				
--	--	--	--	--

### Textílmennit – Hönnun og smíði - 9 ára kjarni

Hæfniviðmið	Leiðir og námsaðlögun námsfyrirkomulag	Kynjanámskrá námsfyrirkomulag	Námsgögn og viðfangsefni	Námsmat
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur hannað og unnið einföld verk frá hugmynd til afurðar.</li> <li>- getur valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.</li> <li>- getur dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.</li> <li>- getur valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.</li> <li>- getur sýnt góða nýtingu</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- vinnur undir leiðsögn kennara síns.</li> <li>- vinnur einföld verkefni með tilheyrandi verkfærum.</li> <li>- fær að vinna út frá eigin sköpunarkrafti eins og kostur er.</li> <li>- fær að hafa skoðun á útfærslu og frágangi verkefna sinna.</li> <li>- aðstoðar við frágang.</li> <li>- þjálfast í að nota og umgangast algengan</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- beitir sér í öguðum vinnubrögðum í umgengni við verkfæri [L1].</li> <li>- æfir sig í að taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verkefni sitt [L2].</li> <li>- æfir sig í samskiptum við önnur börn og sýnir umburðarlyndi og þolinmæði í vinnuferlinu [L3].</li> <li>- æfir sig í útsjónarsemi og jákvæðni gagnvart</li> </ul>	<p>Undirstöðuverkfæri fyrir trésmíðar, s.s. sög, hamar, naglar o.fl.</p> <p>Efniviður til smíðagerða, helst endurnýttur</p> <p>Undirstöðuverkfæri til textílgerðar, s.s. saumnál, skæri, vefspjald, textíllitir o.fl.</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat agi, sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vinátta og áræðni - kynjanámskrá í Mentor</p>

<p>þeirra efna sem unnið er með.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.</li> <li>- getur gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.</li> <li>- getur greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.</li> <li>- getur bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi.</li> <li>- getur sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virkniþætti í smíðagripum s.s. vogarafl, gorma og teygjur.</li> </ul>	<p>efnivið við hæfi verkefnis.</p>	<p>mistöfum [L4].</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- tekur að sér að hjálpa vini eða vinkonu og þiggja hjálp [L5].</li> <li>- æfir kraft, virkni og frumkvæði í vinnubrögðum, samvinnu og verkefnavali og -útfærslu [L6].</li> </ul>		
--	------------------------------------	--	--	--

## Heimilisfræði - 9 ára kjarni

Hæfniviðmið Við lok 9 ára kjarna	Leiðir og námsaðlögun námsfyrirkomulag	Kynjanámskrá námsfyrirkomulag	Námsgögn og viðfangsefni	Námsmat
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.</li> <li>- getur farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.</li> <li>- getur gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.</li> <li>- getur farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.</li> <li>- nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsing aum einfaldar uppskriftir.</li> <li>- tjáð sig um helstu kostnaðarliði við almenna matargerð og heimilishald.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær fræðslu um hollustu og heilnæma matargerð.</li> <li>fær tækifæri til að þjálfra upp hæfni við meðhöndlun hráefna með tilliti til aldurs og getu.</li> <li>- kynnist efni sem tengist næringarfræði og matargerð.</li> <li>- fræðist um mikilvægi hreinlætis.</li> <li>- æfist í að þekkja og meðhöndla þau hráefni sem unnið er með í verklegri kennslu.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir að beita sér í öguðum vinnubrögðum í umgengni við eldhúsáhöld [L1].</li> <li>- æfir sig í sjálfstæðum vinnubrögðum [L2].</li> <li>- æfir sig í samskiptum við önnur börn og að sýna umburðarlyndi og þolinmæði í vinnuferlinu [L3].</li> <li>- æfir sig í jákvæðni og úrræðasemi gagnvart nýtingu matvæla til að minnka matarsóun [L4].</li> <li>- æfir sig að hjálpa vini eða vinkonu og þiggja hjálp [L5].</li> <li>- fær tækifæri til að efla sjálfstæði og frumkvæði með því að leita upplýsinga um matargerð og uppskriftir [L6].</li> </ul>	<p>Áhöld, búnaður og hráefni í eldhúsi</p> <p>Verkefni og myndefni sem tengist námsefninu</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat sjálfstæði, samskipti og jákvæðni - kynjanámskrá í Mentor</p>

**Náttúrugreinar, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt - 9 ára kjarni**  
**Grunnþættir menntunar og meginreglur Hjallastefnunnar**

Læsi	Meginregla 1 - Börn og foreldrar	Heilbrigði og velferð	Meginregla 2 - Starfsfólk
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfast í að veða og meta upplýsingar á gagnrýnninn hátt.</li> <li>- kynnist hugtökum úr náttúruvísindum sem eru notuð í daglegu lífi.</li> <li>- er læst á umhverfi sitt.</li> <li>- kynnist upplýsingalæsi og stafrænu læsi.</li> <li>- æfir samskipta- og tilfinningalæsi.</li> <li>- fær tækifæri til að tjá sig um viðfangsefni og notar hugtök sem tengjast því.</li> </ul>	<p>Til þess að tryggt sé að barnið náiað blómstra og bæta við sig þekkingu þarf kennari stöðugt að spyrja sig gagnrýnna spurninga og velta upp hvort nálgunin á námsefnið og aðstæður til náms hafi verið eins góðar og best verður á kosið. Ef ekki, þá er breytinga þörf. Stöðugur sveigjanleiki er sjálfsgæður í Hjallastefnuskólum og breytingar æskilegar ef þær leiða til aukinna gæða í upplifun og námi hjá einu eða fleiri börnum. Við breytum óhikað og leitum að betri aðferðum og gefumst aldrei upp.</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig í jákvæðni, fallegum samskiptum, hlustun á eigin tilfinningar og annarra og líkamlega vellíðan.</li> <li>- skilur gildi hreyfingar, góðrar næringar, hvíldar og hreinlætis.</li> <li>- er hvatt til að virða umhverfi sitt, land og jörðina.</li> <li>- æfir sig í að miðla málum og setja sig í spor annarra.</li> <li>- æfist í ákvarðanatöku sem styrkir sjálfsmýnd þess.</li> </ul>	<p>Jákvæðniregla Hjallastefnunnar skapar menningu skólans og það andrúmsloft sem bæði börn og fullorðnir lifa og hrærast í alla daga. Allt fyrirkomulag beinist að nálægð kennarans við barnahópin og hvert einasta barn í hópnum. Það er fyrst og fremst í þeirri nærveru hugar og hjarta, þegar tilfinningar og skynjun eru í samhljómi við hugargetu barnanna, að þau öðlast nýja og mikilvæga reynslu sem hvorki gleymist né rýrnar.</p>
Jafnrétti	Meginregla 3 - Umhverfi	Sköpun	Meginregla 4 - Efniviður
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær að velja sér viðfangsefni til að fjalla um.</li> <li>- fær val um útfærslu á verkefnum.</li> </ul>	<p>Vinnurými barna þarf að vera hlýlegt og nærandi og uppstilling búnaðar vel ígrunduð. Kjarnakennari á að geta skipt barnahópi sínum upp í stöðvarvinnu án mikilla tilfæringa.</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- tekur þátt í umræðum og spjalli, sem örvar ímyndunarafi og gagnrýna hugsun.</li> <li>- fær tækifæri til að skapa eigin</li> </ul>	<p>Einfaldleikinn styður við meginmarkmið þessarar meginreglu, sem er annars vegar sköpun og frumleiki og hins vegar sjálfbærni og sjálfstæði, þar sem bæði börn og kennarar vinna</p>

<p>- kynnist ólíkum þjóðfélagshópum m.t.t. trúarbragða, húðlitar, kynhneigðar o.fl.</p> <p>- kynnist ólíkum fjölskyldugerðum, m.t.t. uppruna, kynhneigðar, hjúskaparstöðu o.fl.</p>	<p>Því þurfa að vera góð vinnuborð til að vinna við, auk mottu og hlýlegs króks með púðum fyrir lestur og slökun, svo dæmi séu tekin.</p>	<p>afurðir.</p> <p>- fær tækifæri til að nýta tæknina á skapandi hátt.</p> <p>- [barninu] eru skapaðar aðstæður til að láta ljós sitt skína á skapandi hátt.</p>	<p>lausnamiðað og leysa málin á fjölbreyttan hátt.</p>
<p><b>Sjálfbærni</b></p>	<p><b>Meginregla 5 - Náttúra</b></p>	<p><b>Lýðræði og mannréttindi</b></p>	<p><b>Meginregla 6 - Samfélag</b></p>
<p>Barnið:</p> <p>- fær þekkingu og skilning á umhverfisvitund sem eykur áhuga þess á náttúruvernd og virðingu fyrir fjölbreytileika náttúrunnar.</p> <p>- kynnist mikilvægi auðlinda og verndun þeirra.</p> <p>- fær þekkingu á eigin áhrifum á náttúruna og æfir sig í að temja sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar og jarðarbúa.</p> <p>- fær hvatningu til að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og kynnist hugtakinu “samfélagsleg ábyrgð”.</p>	<p>Við kennum börnunum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna; hinar sífelldu breytingar við hvert sjávarfall, gönguferðir í hríðarbyl, trjáklifur og ræktun matjurta, þ.e.a.s. endalausir möguleikar að námskostum hinna náttúrulegu orsaka og afleiðinga. Raunveruleikinn sjálfur, sem getur orðið of fjarlægur í manngerðu skólaumhverfi, færast nær.</p>	<p>Barnið:</p> <p>- æfist í gagnrýninni hugsun og lýðræðislegum vinnubrögðum, s.s. kosningum.</p> <p>- æfir sig í að koma ávallt fram af virðingu við samferðafólk sitt.</p> <p>- kynnist réttindum sínum og skyldum.</p> <p>- sýnir skoðunum annarra umburðarlyndi.</p> <p>- læri mikilvægi samspils fólks við náttúruna og áhrif til framtíðar.</p>	<p>Sjötta meginreglan og sú síðasta snýst um jákvæðan aga til að móta friðsamt og réttlátt samfélag þar sem hagsmunir allra eru tryggðir og virtir. Þessi jákvæði agi er ramminn og í reynd forsenda lýðræðis á allan hátt.</p>

## Náttúrugreinar - 9 ára kjarni

Hæfniviðmið Við lok 9 ára kjarna	Leiðir og námsaðlögun námsfyrirkomulag	Kynjanámskrá námsfyrirkomulag	Námsgögn og viðfangsefni	Námsmat
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sýnir virkni og hefur lært að láta sitt nánasta umhverfi sig varða, sem og lífsskilyrði lífvera.</li> <li>- getur gert sér grein fyrir því hvernig manneskjan er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hennar byggist á samspilinu við hana.</li> <li>- hefur kynnst jörðinni nánar og veit hvernig hún er uppbyggð.</li> <li>- getur notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.</li> <li>- getur lýst áhrifum sólarljóss á umhverfi sitt, hitastig og lífríki</li> <li>- þekki að jörðin er hluti af stóru sólkerfi, reikistjörnum, sól og tunglum.</li> <li>- hefur tekið þátt í að</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- vinnur verkefni um sólkerfið.</li> <li>- vinnur ítarlegt verkefni um eina plánetu og kynnir.</li> <li>- hannar reikistjörmur í hópavinnu.</li> <li>- skoðar stjörnur í tölvum með stjörnuskoðunar forriti.</li> <li>- fræðist um lífsskilyrði á öðrum plánetum, tunglinu og jörðinni.</li> <li>- fræðast um hlýnun jarðar.</li> <li>- vettvangsferðir í nánasta umhverfi, það helsta kannað, plöntur, jarðvegur og fleira í umhverfinu.</li> <li>- flokkar rusl og týnir upp í nánasta umhverfi skólans.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- tileinkar sér virðingu og og bera ábyrgð á hegðun sinni gagnvart sínu nánasta umhverfi [L1].</li> <li>- fær tækifæri til að tjá sig af öryggi um fyrirbæri í náttúrunni, s.s. áhrifa sólarljóss á umhverfi sitt [L2].</li> <li>- tileinkar sér umburðarlyndi gagnvart náttúrunni og umgengst hana af nærgætni [L3].</li> <li>- kynnist jákvæðum og nytsamlegum kostum flokkunar úrgangs [L4].</li> <li>- æfir sig í að sýna dýrum og náttúru umhyggju [L5].</li> <li>- æfir kraft, virkni og frumkvæði í vinnubrögðum, samvinnu og verkefnavali og -útfærslu [L6].</li> </ul>	<p>Heimildamyndir, glæsur og fræðibækur um sólkerfið og reikistjörnunar</p> <p>Heimildamyndir, fræðibækur og glæsur um hlýnun jarðar</p> <p>Bókin <i>Komdu og skoðuðu himingeiminn</i></p> <p>Efniviður til samþættingar, þ.e. tölvur, litir, skriffæri, kjarnabækur, myndlistarvörur o.fl.</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat agi, vinátta og áræðni - kynjanámskrá í Mentor</p>

<p>fylgjast með, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- hefur tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningum á niðurstöðum.</li> <li>- getur skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.</li> <li>- hefur lært að nota ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.</li> <li>- hefur nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.</li> <li>- hefur tamið sér að flokka úrgang.</li> <li>- getur útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.</li> <li>- sýnir frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum.</li> <li>- greinir á milli óikra sjónarmiða sem varða</li> </ul>				
---	--	--	--	--

málefni daglegs lífs.				
-----------------------	--	--	--	--

### Samfélagsgreinar - 9 ára kjarni

Hæfniviðmið Við lok 9 ára kjarna	Leiðir og námsaðlögun námsfyrirkomulag	Kynjanámskrá námsfyrirkomulag	Námsgögn og viðfangsefni	Námsmat
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.</li> <li>- ber kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.</li> <li>- getur sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi.</li> <li>- þekkir helstu landnámsmenn og konur.</li> <li>- þekkir helstu atvinnuhætti frá landnámstímum.</li> <li>- þekkir hvernig landnámsmenn og konur</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fræðist um samskipti og vináttu kynjanna.</li> <li>- vinnur kjarnasmiðju út frá jafnrétti kvenna og karla.</li> <li>- vinnur kjarnasmiðju út frá kven-/mannréttindum m.t.t. fötlunar, kynþáttar, kynhneigðar o.fl..</li> <li>- flokkar störf frá fyrri tímum og ber saman við störf í dag með tilliti til kynja.</li> <li>- vinnur með og kannar sérstaklega áveðinn landnámsmann/konu, hvar nam viðkomandi land og hvaðan kom hann/hún.</li> </ul> <p>Kort af Íslandi teiknað og helstu leiðir frá öðrum</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sjálfsgaga í samskiptum við aðra í sáttarmiðlun, -fýsni [L1].</li> <li>- fær tækifæri til að tjá sig um jákvæð viðhorf gagnvart sjálfu sér [L2].</li> <li>- æfir víðsýni, samstöðu og umburðarlyndi gagnvart ólíkum þjóðfélagshópum [L3].</li> <li>- æfir sig að koma auga á gildi jákvæðrar umfjöllunar og viðhorfa til ólíkrar menningar fyrir landið [L4].</li> <li>- æfir virðingu og umhyggju fyrir vinum og vinkonum og ólíkum skoðunum þeirra [L5].</li> </ul>	<p>Landfræði- og kortabækur</p> <p>Áttaviti</p> <p>Hnattlíkan</p> <p>Tölvur til upplýsingaöflunar</p> <p>Bókin <i>Komdu og skoðuðu landnámið</i></p> <p>Litir og annar efniviður til skrifta og teikninga</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat sjálfstæði, samskipti og jákvæðni - kynjanámskrá í Mentor.</p>



<p>rötuðu áður fyrr</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- áttar sig á hlutverki landakorta, áttavita og notagildi þeirra.</li> <li>- getur sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu.</li> <li>- getur bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálft sig.</li> <li>- getur bent á dæmi um kynjaklisjur (staðalímyndir kynjanna).</li> <li>- áttar sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.</li> <li>- hlustar á og getur greint að ólíkar skoðanir.</li> <li>- getur tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.</li> <li>- áttar sig á gildi jafnréttis.</li> <li>- sýnir tillitssemi, virðingu og umhyggju í samskiptum og samvinnu.</li> </ul>	<p>löndum kannaðar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig í framkomu og tjáningu með því að koma fram fyrir hópinn og kynna persónur sem tengjast nærsamfélaginu [L6].</li> </ul>		
--	-------------------------	---	--	--

## Upplýsinga- og tæknimennt - 9 ára kjarni

Hæfniviðmið Við lok 9 ára kjarna	Leiðir og námsaðlögun námsfyrirkomulag	Kynjanámskrá námsfyrirkomulag	Námsgögn og viðfangsefni	Námsmat
<b>Vinnulag og vinnubrögð</b>				
<p>Barnið getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.</li> <li>- nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.</li> <li>- sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.</li> <li>- gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.</li> <li>- beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfast í að finna sér efni til gagns og gamans.</li> <li>- fær tækifæri til þátttöku í samvinnuverkefni t.d. í gerð Stop Motion myndbands.</li> <li>- æfir sig í fingrasetningu.</li> <li>- fær tækifæri til að nota bæði kennsluforrit og spila námsleiki.</li> <li>- æfir sig í fingrasetningu með aðstoð forrits.</li> </ul>	<p>Barnið æfir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sjálfsgaga í fingrasetningu [L1].</li> <li>- sjálfstæð vinnubrögð í gegnum fjölbreytt verkefni í tölvu og/eða spjalddölvu [L2].</li> <li>- að sýna samstöðu og umburðarlyndi í samvinnuverkefni [L3].</li> <li>- að sýna framkvæmdagleði við upplýsingaleit [L4].</li> <li>- nálægð við vinkonu/vin þegar þau vinna saman með eina tölvu/spjalddölvu [L5].</li> <li>- að sýna kjark við að segja frá og sýna vinkonum/vinum ritunarverkefni [L6].</li> </ul>	<p>Tölvur</p> <p>Spjalddölvur</p> <p>Ýmis forrit af mms.is og kennari velur fyrir hópinn</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat agi, sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vinátta og áræðni - kynjanámskrá í Mentor</p>

<b>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</b>				
<p>Barnið getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.</li> <li>- nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.</li> <li>- unnið með heimildir.</li> <li>- nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.</li> <li>- nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfist í því að afla heimilda bæði úr bókum og á internetinu.</li> <li>- fræðist um hvað teljast áreiðanlegar heimildir.</li> <li>- æfir sig að leita að lykilorðum í texta.</li> <li>- býr til einfalt súlurit í forriti, t.d. Excel eða Google Sheets.</li> </ul>	<p>Barnið æfir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sjálfsgaga í heimilda- og upplýsingaleit [L1]</li> <li>- sjálfstæð vinnubrögð í uppsetningu á einföldum tölulegum gögnum [L2]</li> <li>- að sýna umburðarlyndi þegar vinkonur/vinir sýna afrakstur vinnu sinnar [L3].</li> <li>- að sýna framkvæmdagleði við upplýsingaleit [L4].</li> <li>- nálægð við vinkonu/vin þegar þau vinna saman með eina tölvu/spjaldtölvu [L5].</li> <li>- að sýna kjark við að sýna vinkonum/vinum eigið súlurit [L6].</li> </ul>	<p>Tölvur</p> <p>Spjaldtölvur</p> <p>Ýmis forrit af mms.is og kennari velur fyrir hópinn</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p>

<b>Tækni og búnaður</b>				
<p>Barnið getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.</li> <li>- notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.</li> <li>- nýtt hugbúnað við einfalda vefsíð.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig að skrifa fjölbreytta texta í ritvinnsluforriti eftir heimildaöflun.</li> <li>- býr til Stop Motion myndband eitt eða í samvinnu við vini/vinkonur.</li> </ul>	<p>Barnið æfir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- samvinnufærni sína og samstöðu við að búa til myndband í gegnum myndvinnsluforrit [L3]</li> <li>- sig að sýna frumkvæði við efnisval fyrir gerð Stop Motion myndbands [L6].</li> </ul>	<p>Tölvur</p> <p>Spjaldtölvur</p> <p>Ýmis forrit af mms.is og kennari velur fyrir hópinn</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p>
<b>Sköpun og miðlun</b>				
<p>Barnið getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.</li> <li>- notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- segir frá með eigin orðum hvað það hefur lært í upplýsinga- og tæknimennt.</li> <li>- kynnir og sýnir Stop Motion myndbandið sem var skapað.</li> </ul>	<p>Barnið æfir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sjálfsgaga við notkun á hugbúnaði/forritum til miðlunar [L1].</li> <li>- að hlusta af kærleika þegar vinkonur/vinir sýna afrakstur vinnu sinnar [L5].</li> <li>- kjarkinn sinn við að greina frá eigin upplýsinga- og miðlalæsi [L6].</li> </ul>	<p>Tölvur</p> <p>Spjaldtölvur</p> <p>Ýmis forrit af mms.is og kennari velur fyrir hópinn</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat agi, sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vinátta og áræðni - kynjanámskrá í Mentor</p>

Siðferði og öryggismál				
<p>Barnið getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.</li> <li>- farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitað um siðferðislegt gildi þeirra.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- tekur þátt í umræðum um reglur, ábyrgð og siðferðislegt gildi netnotkunar.</li> <li>Fær kynningu varðandi netöryggi og ábyrgð sem fylgir því að vinna á neti.</li> </ul>	<p>Barnið æfir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sjálfsgaga og virðingu við meðferð upplýsinga [L1].</li> <li>- jákvæðni gagnvart ábyrgri netnotkun [L4].</li> </ul>	<p>Tölvur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Spjaldtölvur</li> <li>Ýmis forrit af mms.is og kennari velur fyrir hópinn</li> </ul>	<p>Bein endurgjöf frá kennara</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Jafningjamat</li> <li>Sjálfsmat</li> </ul>

**Enska - 9 ára kjarni**  
**Grunnþættir menntunar og meginreglur Hjallastefnunnar**

Læsi	Meginregla 1 - Börn og foreldrar	Heilbrigði og velferð	Meginregla 2 - Starfsfólk
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig í hlustun og áhorf á efni af ýmsum toga.</li> <li>- æfir talmál í þörum og litlum hópum.</li> <li>- þjálfar framburð frá upphafi með áherslum og hljómfalli sem einkenna ensku.</li> </ul>	<p>Einstaklingsmiðað nám, auk lítilla, kynjaskiptra hópa tryggja að hverju barni sé mætt þar sem það eru hverju sinni.</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- kynnist ensku og getur nýtt sér kunnáttu sína í daglegu lífi.</li> </ul>	<p>Tryggja á vellíðan og ánægju barnsins með því að styðja við jákvæða tilfinningalega skynjun þess og fara allar skynleiðir í námi.</p>
Jafnrétti	Meginregla 3 - Umhverfi	Sköpun	Meginregla 4 - Efniviður
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þarf að fær á eigin forsendum og þörfum þess mætt m.t.t. stöðu þess í kunnáttu.</li> </ul>	<p>Jafnvægi, einfaldleiki og gangsæi í dagskrá og umhverfi barnsins er afar mikilvægt þannig að námsumhverfi þess sé skiljanlegt og viðurðanlegt.</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær tækifæri til að fara ólíkar skynleiðir í náminu.</li> <li>- fær tækifæri til að tjá sig og finna öryggið sitt í gegnum hlutverkaleiki, hermileiki og þrautalausnir.</li> </ul>	<p>Til viðbótar hinni einföldu dagskrá og rósemd í umhverfinu, sem meginregla 3 kveður á um, eru efniviður og námsgögn einnig einföld. Einfaldleikinn styður annars vegar við sköpun og frumleika og hins vegar sjálfbærni og sjálfstæði.</p>
Sjálfbærni	Meginregla 5 - Náttúra	Lýðræði og mannréttindi	Meginregla 6 - Samfélag
<p>Barnið:</p>	<p>Útikennsla ýtir undir fjölbreyttar námsleiðir og er tilvalin til að</p>	<p>Barnið:</p>	<p>Lýðræðislegt skólastarf er leiðin til að mæta hverju og einu barni.</p>

<ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig í ensku tal- og ritmáli og þjálfar það.</li> <li>- er farið að geta skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um ólíkt efni.</li> <li>- æfist í að fylgja þræði í fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar.</li> <li>- fær að spreyta sig á samskiptum á ensku.</li> </ul>	<p>skapa jákvæða afstöðu til nýrra upplifana í námi. Þroski og menning barnahópsins styrkist um leið og hreyfiaflið innan hópsins jafnast, og um leið sjálfstyrking, öryggi og tjáning barnsins.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- kynnist menningu enskumælandi þjóða af ólíkum toga.</li> <li>- æfist í að segja frá í hópi fárra barna.</li> </ul>	<p>Hafa þarf hugfast mikilvægi þess að ná til allra barna innan hópsins þannig að þau nái öll að blómstra. Aldrei má barni finnast það algjörlega valdsvipt þar sem þau upplifa að brotið sé á þeim, eða þá að þau læri á lögmál frumskógarins þar sem hinn sterki ræður á kostnað annarra barna, sem “hverfa inn í veggina”.</p>
---	--	---	---

## Enska - 9 ára kjarni

<b>Hæfniviðmið</b> Við lok 9 ára kjarna	<b>Leiðir og námsaðlögun</b> námsfyrirkomulag	<b>Kynjanámskrá</b> námsfyrirkomulag	<b>Námsgögn og viðfangsefni</b>	<b>Námsmat</b>
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur átt í innihaldsríkum samskiptum.</li> <li>- getur skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.</li> <li>- getur fylgt þræði í</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- vinnur ýmis samþætt verkefni þar sem þarf að þýða texta úr ensku.</li> <li>- æfir leikræna tjáningu.</li> <li>- æfir samræðuaðferðir og sögugerð.</li> <li>- æfir söngva.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig að nota kurteis orð á ensku [L1].</li> <li>- æfir framsögn og sjálföryggi í ensku [L2].</li> <li>- æfir samskipti, umburðarlyndi og víðsýni í gegnum nýtt tungumál [L3].</li> <li>- æfir ákveðni og bjartsýni</li> </ul>	<p>Hlustunarefni Spjaldtölvur Ítarefni til sögugerða</p>	<p>Bein endurgjöf frá kennara Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor Námsmat - Kynjanámskrá í Mentor</p>

<p>aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til þess og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og fræðsluefni fyrir börn og rætt efni þeirra.</li> <li>- getur tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</li> <li>- getur tekið undir í söng og lært lagatexta.</li> <li>- getur flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem það hefur haft tækifæri til að æfa.</li> <li>- getur samið stuttan texta frá eigin brjósti.</li> </ul>		<p>með því að læra nýtt tungumál [L4].</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir vinaleiki á ensku [L5].</li> <li>- æfir kjarkinn sinn, virkni, kraft og frumkvæði með því að tjá sig á ensku [L6].</li> </ul>		
--	--	--	--	--



**Íþróttir, sund og jóga - 9 ára kjarni**  
**Grunnþættir menntunar og meginreglur Hjallastefnunnar**

Læsi	Meginregla 1 - Börn og foreldrar	Heilbrigði og velferð	Meginregla 2 - Starfsfólk
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- kynnist og verður meðvitað um áhrif leikja, þjálfunar og hugarróar á helstu líffæri, eins og hjarta og lungu, en einnig vöðva- og taugakerfi.</li> <li>- fær tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu.</li> </ul> <p>tileinkar sér réttar reglur í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sig í að sigra og tapa.</li> </ul>	<p>Meginregla 1 og Lota 3 (samskiptalotan) haldast í hendur og fjalla um samskiptin í sinni víðustu mynd. Börnunum er kennt að virða landamæri annarra og standa saman um jákvæða framkomu og jákvæða hegðun.</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fær góða hreyfingu alla daga vikunnar.</li> <li>- tekur þátt í leikjum og íþróttum með félagsleg samskipti að leiðarljósi.</li> <li>- eflir almenna líkamlega, andlega og tilfinningalega heilsu.</li> </ul>	<p>Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í skóladeginum. Gleði og jákvæðni eru æfð og viðhöfð með öllum tiltækum ráðum, enda ýtir hreyfing og söngur best við þeim boðefnum heilans sem valda taugafræðilegri gleði.</p>
Jafnrétti	Meginregla 3 - Umhverfi	Sköpun	Meginregla 4 - Efniviður
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- hefur rétt til þátttöku í íþróttum, sundi og jóga til jafns við önnur börn.</li> <li>- ber virðingu fyrir öðrum börnum og tekur þátt í hópleikjum.</li> <li>- nýtir styrkleika sína í íþróttum,</li> </ul>	<p>Námsumhverfið þarf að styðja vel við barnið og mæta ólíkum þörfum barnahópsins. Passa þarf vel að dagskráin sé ekki of einhæf og að barnið hafi eitthvað val um verkefni og/eða útfærslu, sérstaklega í íþróttum, til þess að barnið upplifi ekki vanmátt. Það</p>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- nýtur þess að skapa leiki í nánasta umhverfi og í náttúrunni.</li> <li>- nær innri samhljóm gegnum upplifun og tengingu.</li> <li>- tileinkar sér helstu</li> </ul>	<p>Ásamt staðalbúnaði til íþróttá-, jóga- og sundiðkana skal ávallt reyna að fara skapandi leiðir í skólastarfinu og hugsa út fyrir rammann í vali á efniviði, til að forðast einhæft námsumhverfi.</p>

jóga og sundi óháð kyni.	þarf alltaf að vera tryggt að unnið sé með styrkleika barnsins og þeir hafðir að leiðarljósi.	samskiptareglur og færni eins og að hlusta, tjá skoðun sína, bíða og bregðast við. - þjálfist í listrænni tjáningu í gegnum dans og leik.	
<b>Sjálfbærni</b>	<b>Meginregla 5 - Náttúra</b>	<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<b>Meginregla 6 - Samfélag</b>
Barnið: - æfist í að vera í núinu, á staðnum/sjálfsvitund. - fær jákvæða upplifun af íþróttaiðkun, sundi og jóga. - áttar sig á kostum þess að temja sér vistvænan ferðamáta, s.s. að ganga eða hjóla. - sér tækifæri til hreyfingar, jóga- og íþróttaiðkunar úti í náttúrunni.	Alls staðar þar sem því verður komið við, starfa Hjallastefnuskólar á rúmgóðum svæðum þar sem ósnortin náttúra er allt um kring. Tækifæri til þess að stunda íþróttir og jóga undir berum himni eru því ótalmörg. Starfsfólk skólanna er hvatt til að hafa það hugfast þegar kemur að skipulagi námsins.	Barnið: - styrkir og bætir eigin sjálfsmynd og sjálfsvitund í gegnum jóga, íþróttir og sund. - fær tækifæri til að velja sér hreyfingu við hæfi út frá styrkleika og áhugasviði. - þjálfast í að bera jafna virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum börnum í gegnum leiki og æfingar.	Jákvæður agi, samstaða, göfuglyndi og sjálfstyrking er æft á ákveðinn og hreinskiptinn hátt.

**Íþróttir, sund og jóga - 9 ára kjarni**

Hæfniviðmið Við lok 9 ára kjarna	Leiðir og námsaðlögun námsfyrirkomulag	Kynjanámskrá námsfyrirkomulag	Námsgögn og viðfangsefni	Námsmat
<b>Íþróttir</b>				
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur gert æfingar sem reyna á þol.</li> <li>- getur sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.</li> <li>- getur gert æfingar sem þjálfá liðleika og samhæfingu.</li> <li>- getur gert styrktaræfingar.</li> <li>- skilur skipulagshugtök í skólaíþróttum og getur farið eftir leikreglum.</li> <li>- getur unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- gerir verklegar æfingar.</li> <li>- gerir æfingar með ýmis áhöld eins og sippubönd, bolta og baunapoka.</li> <li>- æfir stöðvar, hlaup, stökk, köst, sveiflur og klifur.</li> <li>- fer í boltaleiki, hlaupa- og viðbragðsleiki.</li> <li>- fær fræðslu og tekur þátt í umræðum um umhirðu líkamans.</li> </ul>	<p>Barnið æfir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sig að fara eftir fyrirmælum, sýna kurteisi og virða mörk vina og vinkvenna [L1].</li> <li>- sjálfstraust, öryggi og sjálfstyrkingu [L2].</li> <li>- samstöðu og göfuglyndi í hópíþróttum og leikjum [L3].</li> <li>- sig í ákveðni, gleði og hreinskiptni í gegnum leiki [L4].</li> <li>- félagslyndi, nálægð og umhyggju fyrir vinkonum og vinum [L5].</li> <li>- kjarkinn sinn, virkni, kraft og frumkvæði í nýjum áskorunum [L6].</li> </ul>	<p>Ýmis áhöld</p> <p>Boltar</p> <p>Dýnur</p> <p>Hljómtæki</p>	<p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat - kynjanámskrá í Mentor.</p>

<b>Sund</b>				
<p><b>Barnið:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- getur kafað, velt sér á kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni.</li> <li>- getur synt 25 m bringusund.</li> <li>- getur synt 15 m skólabaksund.</li> <li>- getur synt 12 m skriðsund, með eða án hjálparkækja.</li> <li>- getur synt 12 m baksund með eða án hjálparkækja.</li> <li>- getur gert flugsundsfótatök með eða án hjálparkækja.</li> <li>- getur stungið sér úr kroppstöðu af bakka eða úr stiga.</li> <li>- hefur kynnst mikilvægi hreinlætis í tengslum við sundiðkun.</li> <li>- getur farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða.</li> </ul>	<p><b>Barnið:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- æfir sund sporðök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálparkækja, stuttar vegalengdir.</li> <li>- þjálfast í að þvo sér, þurrka, klæða sig, ganga frá fötum og handklæði.</li> <li>- þjálfast í að fara eftir merkjum kennara í leikjum.</li> </ul>	<p><b>Barnið æfir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sig í að fara eftir nákvæmum fyrirmælum um sundtök, öndun og varfærni í sundlaug [L1].</li> <li>- sjálfstraust og öryggi í vatni [L2].</li> <li>- samskiptin í sundi og fataklefa [L3].</li> <li>- bjartsýni og gleði í nýjum aðstæðum [L4].</li> <li>- vináttu og kærleik í sundi og fataklefa [L5].</li> <li>- kjarkinn sinn, virkni, kraft og frumkvæði í nýjum áskorunum [L6].</li> </ul>	<p><b>Sundflár</b></p> <p>Kútar</p> <p>Froskalappir</p> <p>Ýmis áhöld</p> <p>Boltar</p>	<p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat - kynjanámskrá í Mentor</p>

Jóga				
<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- kann helstu jógastöður og þekkir nöfnin þeirra.</li> <li>- hefur æft öndun og slökun.</li> <li>- hefur fengið æfingu í að efla með sér meðvitund um augnablikið.</li> <li>- hefur kynnst hugleiðslu.</li> </ul>	<p>Barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lærir að kyrra hugann á jógamottum.</li> <li>- lærir og fer með jógamöntrur.</li> <li>- æfir helstu jógastöður undir leiðsögn kennara,</li> </ul>	<p>Barnið æfir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sig í að kyrra hugann sinn og ná stjórn á djúpöndun [L1].</li> <li>- sig í að veita sjálfu sér óskipta athygli [L2].</li> <li>- sig í að sýna sjálfu sér umburðarlyndi [L3].</li> <li>- bjartsýni og gleði í nýjum aðstæðum [L4].</li> <li>- nálægð og kærleik [L5].</li> <li>- sig í að vera virkt í rósemd [L6].</li> </ul>	<p>Litlar jógamottur</p> <p>Hljómtæki</p>	<p>Markmiðabundið námsmat í námsframvindu í Mentor</p> <p>Námsmat - kynjanámskrá í Mentor</p>